

## **Hvað mun okkur finnast?**

### **- Um gildismat framtíðarinnar**

## **Ágrip af erindi Bergs Ebba á rannsóknarráðstefnu Vegagerðinnar 1. nóvember 2019**

Í erindinu eru helstu þættir fjórðu iðnbyltingarinnar skoðaðir. Rætt er um hvort að fjórða iðnbyltingin sé þegar hafin, eða hvort hún sé enn handan sjóndeildarhringsins. Þá er rætt hvort um byltingu sé að ræða eða aðeins línulega þróun. Tekið er utan um hugtakið. Er fjórða iðnbyltingin aðeins orð á blaði, sem markaðsfræðingar og sölufólk notar, eða er um raunverulega tæknibyltingu að ræða?

Tæknibreytingar nútímans eru svo skoðaðar og þær bornar saman við fyrri iðnbyltingar. Þá fyrstu sem hófst á 18. öld í Bretlandi og þá næstu sem nefnd hefur verið tæknibyltingin. Þá er talað um tölvubyltinguna, sem einnig er nefnd þriðja iðnbyltingin, og velt upp hverju sítinging, samfélagsmiðlar og aðrar nýlegri uppfinningar bæti við hana.

Þá eru þessir þættir eru skoðaðir í tengslum við gildismat hvers tíma. Hvað hefur fólk þótt um tæknibreytingar í gegnum tíðina og hversu nærri mennskunni hafa þær gengið? Voru heimstýrjaldir tuttugustu aldar, sem voru tæknilegri og umfangsmeiri í sniðum en stýrjaldir fyrri alda, að einhverju leyti uppgjör við iðnvæðinguna og sífelld stærri hlut tækni í lífi fólks?

Ofangreind söguskoðun er svo notuð til að tala um nútímann og áhrif tæknibreytinga á viðhorf okkar í dag. Tekin eru dæmi um hvernig tækninýjungar hafa þegar breytt gildismati okkar. Hvernig við sköpum minningar öðruvísi en áður, hvernig við úthýsum hugsunum okkar og jafnvel siðferði til gervigreindar, og hvernig hugmyndir um eignarrétt og önnur réttindi gætu einnig breyst á næstu árum.

Að lokum er reynt að kanna hvað okkur muni í raun þykja eftirsóknarvert í framtíðinni. Því á endanum eru það ekki tæknibreytingarnar sem munu skipta máli, heldur hvað okkur muni finnast um þær.

### **Upplýsingar um Berg Ebba**

Bergur Ebba er rithöfundur, ljóðskáld og ritgerðarsmiður, með fjölþættan bakgrunn úr heimi lista, viðskipta og blaðamennsku. Meðal umfjöllunarefna í verkum Bergs Ebba er tæknisaga og áhrif hennar á sjálfsmynd fólks, stjórnsmál, valdajafnvægi, breytt heimsmynd, tíska og tíðarandi. Bergur Ebba er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með MDes gráðu í Strategic Foresight and Innovation frá OCAD Háskólanum í Toronto í Kanada auk þess að leggja stund á lögfræði og listasögu við Université de Cergy Pontoise í París.